

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1235**

2022/EES/72/37

frá 12. maí 2021

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 með reglum er varða umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum á brenndum drykkjum, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun skráningar og skrána (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ⁽¹⁾, einkum 1. og 2. mgr. 33. gr. og 41. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð (ESB) 2019/787 felldi úr gildi og kom í stað reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ⁽²⁾. Í III. kafla reglugerðar (ESB) 2019/787 er mælt fyrir um reglur um landfræðilegar merkingar í geira brenndra drykkja og framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir að því er það varðar. Til að tryggja snurðulausa starfsemi markaðarins fyrir brennda drykki innan hins nýja lagamma og einkum til að einfalda og hagræða starfsemi kerfisins fyrir landfræðilegar merkingar brenndra drykkja verður að samþykkja tiltekna reglur með slíkum gerðum. Einkum ættu þessi reglugerð og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1236 ⁽³⁾ að koma í staðinn fyrir hluta af ákvæðunum í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 ⁽⁴⁾ og því ætti að fella hana úr gildi.
- 2) Til að greiða fyrir grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar og til þess að hlutaðeigandi aðilar að andmælameðferðinni fái allar upplýsingar ef forskriftin fyrir afurðina inniheldur sértækar kröfur um umbúðir ætti eina skjalið sem fylgir með í umsókninni um skráningu á landfræðilegri merkingu að innihalda samantekt á rökstuðningnum fyrir því af hverju þökkunin skal fara fram innan skilgreinds landsvæðis til að vernda gæði, til að tryggja uppruna eða til að tryggja eftirlit með brennda drykkjum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjttíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1236 frá 12. maí 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 er varða umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum á brenndum drykkjum, andmælameðferð, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun skráningar, notkun tákns og eftirlit (Stjttíð. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 10).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 frá 25. júlí 2013 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (Stjttíð. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 21).

- 3) Af ástæðum sem varða samræmi í málsmeðferð og til að greiða fyrir grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar ætti aðildarríki að tryggja að eina skjalið sé rétt samantekt á forskriftinni fyrir afurðina sem framkvæmdastjórnin getur treyst þegar hún metur umsóknina og sem önnur aðildarríki og hagsmunaaðilar geta treyst í tengslum við framfylgd landfræðilegu merkingarinnar. Af sömu ástæðum ætti tilvísunin í birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina, sem fylgir með í umsóknargögnunum sem aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina, að vera rafræn tilvísun í forskriftina fyrir afurðina eins og hún var birt í samræmi við stjórnsýslukerfi aðildarríkisins.
- 4) Fastsetja ætti hvaða upplýsingar skal leggja fram til að umsókn um vernd, umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins eða beiðni um afturköllun teljist tæk til að greiða fyrir meðhöndlun slíkra umsókna eða beiðna og flýta fyrir rannsókn á þeim.
- 5) Til að yfirstíga tímabundna erfiðleika og til að tryggja að allir framleiðendur fari að forskriftum fyrir afurðir til lengri tíma ætti að heimila aðildarríkjunum að veita framleiðendum umbreytingartímabil til allt að 10 ára til að aðlagast breytingum á tilteknum reglum um forskrift fyrir afurð.
- 6) Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á því að samþykkja breytingar á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð en aðildarríkin eða einstaklingur eða aðili sem ber ábyrgðina í þriðja landi samþykkir almennar breytingar. Þegar umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins inniheldur einnig almennar breytingar ætti að líta svo á, til að málsmeðferðin verði skilvirk, að þessar almennu breytingar séu ekki fyrir hendi og þær ættu ekki að teljast samþykktar í tengslum við breytinguna á vegum Sambandsins.
- 7) Koma ætti á málsmeðferð til að samþykkja almennar breytingar og tímabundnar breytingar þannig að aðildarríki geti gert viðeigandi mat á umsóknunum og til að tryggja samræmda nálgun á milli aðildarríkja. Mat aðildarríkjana ætti að vera sambærilegt, að því er varðar nákvæmni og ítarleika, því sem krafist er fyrir matsferlið innan málsmeðferðarinnar fyrir umsóknir um skráningu landfræðilegra merkinga.
- 8) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um reglur til að koma á samræmingu milli málsmeðferðar er varðar breytingar á forskrift fyrir afurð í tilvikum þar sem umsóknir sem varða breytingu á vegum Sambandsins og almenna breytingu liggja fyrir á sama tíma hjá framkvæmdastjórninni og lögbæru yfirvaldi, eftir því sem við á. Þar eð báðar umsóknirnar breyta sömu forskriftinni fyrir afurð en samkvæmt tvenns konar mismunandi samhliða málsmeðferð með mismunandi tímasetningum ætti að mæla fyrir um reglur til að komast hjá misræmi.
- 9) Bæta ætti við reglurnar um málsmeðferð við afturköllun skráningar á landfræðilegri merkingu til að skýra nánar að aðildarríkin eru meðal þeirra lögaðila sem kunna að hafa lögmætra hagsmuna að gæta að því er varðar að leggja fram beiðni um afturköllun samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og til að tilgreina nánar nákvæmar tilvísanirnar í *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* þar sem birtingin á sér stað.
- 10) Til að tryggja gagnsæi og einsleitni milli aðildarríkja er nauðsynlegt að koma á fót rafrænu skránni yfir landfræðilegar merkingar á brenndum drykkjum, sem um getur í 33. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, (hér á eftir nefnd skráin) og samþykkja frekari reglur um innihald og snið skrárinnar. Þar eð þau skjöl sem liggja fyrir, og sem koma til með að liggja fyrir, fyrir hvert skráð heiti eru mismunandi eftir því á hvaða lagagrundvelli heitin fengu fyrst vernd ætti einkum að aðlaga kröfurnar fyrir þessi skjöl til samræmis við það. Til að unnt sé að ákvarða forgangsréttardaga sem varða annan hugverkarétt sem skera þarf úr um ætti að tilgreina í skránni dagsetningu umsóknar um skráningu og dagsetningu og tilvísun í birtingu gerningsins sem verndar landfræðilegu merkinguna. Skráin ætti að vera rafrænt gagnasafn, sem er stjórnað innan stafrænna kerfa sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengileg, og hún ætti að vera aðgengileg fyrir almenning.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Inngangsákvæði

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur sem bæta við reglugerð (ESB) 2019/787 að því er varðar landfræðilegar merkingar á brenndum drykkjum, þá einkum varðandi:

- a) umsóknir um skráningu,
- b) breytingar á forskriftum fyrir afurðir,
- c) afturköllun skráningar,
- d) skrána yfir landfræðilegar merkingar.

II. KAFLI

Sértæk ákvæði

1. ÞÁTTUR

UMSÓKN UM SKRÁNINGU

2. gr.

(Framselt vald í samræmi við a-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Viðbótarkröfur varðandi eina skjalið

Ef sértækar kröfur um umbúðir koma fram í eina skjalinu sem um getur í c-lið 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 skal það einnig innihalda samantekt á rökstuðningnum sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar.

3. gr.

(Framselt vald í samræmi við a-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Umsóknargögn aðildarríkis

Þegar hlutaðeigandi aðildarríki leggur umsóknargögn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 7. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, skal það votta að eina skjalið, sem um getur í b-lið 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, sé rétt samantekt á forskriftinni fyrir afurðina. Aðildarríkið skal bera ábyrgð á öllum efnislegum frávikum milli eina skjalsins og forskriftar fyrir afurð. Umsóknargögnin skulu innihalda tilvísun í birta útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina.

4. gr.

(Framselt vald í samræmi við b-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Lögmati umsóknar

1. Umsókn um skráningu skal teljast tæk ef hún er lögð fram í samræmi við 24. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og send til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1236, þ.m.t. eina skjalið sem var útbúið í samræmi við 3. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar, og ef hún er fullgerð.

Umsókn um skráningu skal teljast fullgerð þegar hún uppfyllir ákvæði 22. og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og 2. og 3. gr. þessarar reglugerðar.

2. Telji framkvæmdastjórnin að umsókn sé ótæk skal hún, eftir atvikum, tilkynna yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis eða þriðja lands eða umsækjandanum, sem hefur staðfestu í þriðja landi, um ástæðurnar fyrir því að hún er ótæk.

5. gr.

(Framselt vald í samræmi við b-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Landsbundið umbreytingartímabil

1. Í því skyni að yfirstíga tímabundna erfiðleika með það að langtímamarkmiði að tryggja að allir framleiðendur á viðkomandi svæði uppfylli forskriftina fyrir afurðina getur aðildarríki veitt vernd á umbreytingartímabili með því skilyrði að viðkomandi rekstraraðilar hafi sett umræddan brenndan drykk á markað með lögmætum hætti og notað viðkomandi heiti samfleytt í a.m.k. 5 ár fyrir framlagningu umsóknarinnar til yfirvalda aðildarríkisins og að fjallað hafi verið um þessa tímabundnu erfiðleika í landsbundnu andmælameðferðinni sem um getur í 6. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

Umbreytingartímabilið skal hefjast á þeim degi þegar umsóknargögnin eru lögð fyrir framkvæmdastjórnina og skal vera eins stutt og mögulegt er. Það skal ekki vara lengur en í 10 ár.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda að breyttu breytanda um landfræðilega merkingu sem vísar til landsvæðis sem er staðsett í þriðja landi, að landsbundnu andmælameðferðinni undanskilinni.

3. Umbreytingartímabilið, sem um getur í 1. mgr., skal tilgreint í umsóknargögnunum sem eru lögð fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 7. eða 8. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

2. ÞÁTTUR

BREYTINGAR Á FORSKRIFTUM FYRIR AFURÐIR

6. gr.

(Framselt vald í samræmi við 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Umsóknir um breytingar á vegum Sambandsins á forskriftum fyrir afurðir

Að því er varðar 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 skal umsókn um samþykki fyrir breytingum á vegum Sambandsins á forskriftum fyrir afurðir einungis innihalda breytingar á vegum Sambandsins. Ef umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins inniheldur einnig almennar breytingar eða tímabundnar breytingar gildir málsmeðferðin fyrir breytingu á vegum Sambandsins einungis um breytinguna á vegum Sambandsins. Líta skal svo á að almennu breytingarnar eða tímabundnu breytingarnar sem koma fram í umsókninni hafi ekki verið lagðar fram.

7. gr.

(Framselt vald í samræmi við 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Lögmæti umsókna um samþykki fyrir breytingum á vegum Sambandsins

1. Umsóknir um samþykki fyrir breytingum á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð skulu teljast tækar ef þær eru lagðar fram í samræmi við 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og sendar til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1236 og uppfylla ákvæði 7. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar.

Samþykki framkvæmdastjórnarinnar á umsókn um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð skal einungis ná til þeirra breytinga á vegum Sambandsins sem koma fram í umsókninni sjálfri.

2. Telji framkvæmdastjórnin að umsókn sé ótæk skal hún, eftir atvikum, tilkynna yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis eða þriðja lands eða umsækjandanum, sem hefur staðfestu í þriðja landi, um ástæðurnar fyrir því að hún er ótæk.

8. gr.

(Framselt vald í samræmi við til 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Almennar breytingar á forskriftum fyrir afurðir

1. Að því er varðar 5. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 skulu umsóknir um samþykki fyrir almennri breytingu á forskrift fyrir afurð lagðar fyrir yfirvöld aðildarríkisins þar sem landsvæði viðkomandi afurðar er staðsett. Umsækjendur skulu uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1., 2. eða 3. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787. Ef umsókn um samþykki fyrir almennri breytingu á forskrift fyrir afurð kemur ekki frá umsækjandanum sem lagði fram umsóknina um verndun heitisins eða heitanna sem forskriftin fyrir afurð varðar skal aðildarríkið gefa þeim umsækjanda tækifæri til að gera athugasemdir varðandi umsóknina, ef sá umsækjandi er enn til staðar.

Umsókn um samþykki fyrir almennri breytingu skal innihalda lýsingu á almennu breytingunum og þar skal sýna fram á að tillagðar breytingar uppfylli skilyrði til að teljast vera almennar í samræmi við 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787. Bæta skal við samantekt á ástæðunum fyrir því hvers vegna breytingarnar eru nauðsynlegar.

2. Telji aðildarríki að kröfurnar í reglugerð (ESB) 2019/787 og ákvæði sem hafa verið samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð séu uppfyllt getur það samþykkt almennu breytinguna. Ákvörðunin um samþykkið skal innihalda breyttu samsteyptu forskriftina fyrir afurðina og, ef við á, breytta samsteypta eina skjalið.

Ákvörðun um samþykki skal birt opinberlega. Samþykkt almenna breytingin skal gilda í hlutaðeigandi aðildarríki frá þeim degi þegar ákvörðunin um samþykki var birt opinberlega. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um samþykktu almennu breytingarnar eigi síðar en einum mánuði frá þeim degi þegar landsbundin ákvörðun um samþykki var birt opinberlega. Aðildarríkið skal, án ástæðulausrar tafar, tilkynna framkvæmdastjórninni um alla endanlega og óafryjjanlega landsbundna dóma sem ógilda ákvörðun um samþykki fyrir almennri breytingu.

3. Umsækjendahópur sem hefur lögmetra hagsmuna að gæta skal tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvarðanir um að samþykkja almennar breytingar sem varða brennda drykki sem eru upprunnir í þriðju löndum, annaðhvort beint til framkvæmdastjórnarinnar eða fyrir milligöngu yfirvalda hlutaðeigandi þriðja lands, eigi síðar en einum mánuði frá þeim degi þegar viðkomandi ákvörðun var birt opinberlega.

4. Orðsending til framkvæmdastjórnarinnar um samþykktu almenna breytingu skal teljast vera gerð á viðeigandi hátt þegar hún uppfyllir ákvæði 8. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1236.

5. Ef almenna breytingin ber með sér breytingu á eina skjalinu skal framkvæmdastjórnin birta lýsinguna á almennu breytingunni og breytta eina skjalið í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* innan þriggja mánaða frá þeim degi sem hún veitti viðtöku orðsendingu um þá almennu breytingu.

Ef almenna breytingin ber ekki með sér breytingu á eina skjalinu skal framkvæmdastjórnin birta lýsinguna á almennu breytingunni gegnum upplýsingakerfin sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1236 innan þriggja mánaða frá þeim degi sem hún veitti viðtöku orðsendingu um þá almennu breytingu.

Sendandi orðsendingar um almenna breytingu skal áfram bera ábyrgð á innihaldi hennar.

6. Almennar breytingar skulu gilda á yferráðasvæði Sambandsins frá þeim degi þegar þær voru birtar samkvæmt fyrstu undirgrein 5. mgr. eða birtar opinberlega samkvæmt annarri undirgrein 5. mgr.

7. Ef landsvæðið nær yfir fleiri en eitt aðildarríki skulu hlutaðeigandi aðildarríki beita málsmeðferðinni fyrir almennar breytingar hvert fyrir sig fyrir þann hluta svæðisins sem er innan yferráðasvæðis þeirra. Almenna breytingin skal einungis gilda á yferráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkja eftir að síðasta landsbundna ákvörðunin um samþykki tekur gildi. Það aðildarríki sem er síðast til að samþykkja almennu breytinguna skal senda framkvæmdastjórninni viðeigandi orðsendingu eigi síðar en einum mánuði frá þeim degi þegar ákvörðun þess um samþykki var birt opinberlega.

Ef eitt eða fleiri hlutaðeigandi aðildarríki samþykkja ekki landsbundnu ákvörðunina um samþykki, sem um getur í fyrstu undirgrein, getur hvert hlutaðeigandi aðildarríkja sem er lagt þá umsókn fram samkvæmt málsmeðferðinni vegna breytinga á vegum Sambandsins.

8. Ákvæði 7. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda ef hluti af viðkomandi landsvæði er staðsettur á yferráðasvæði þriðja lands.

9. gr.

(Framselt vald í samræmi við 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Tengsl milli breytinga á vegum Sambandsins og almennra breytinga

1. Ef almenn breyting sem ber með sér breytingu á eina skjalinu er samþykkt meðan umsókn um breytingu á vegum Sambandsins liggur fyrir skal hlutaðeigandi aðildarríki uppfæra eina skjalið, sem fylgir með í umsókninni um samþykki fyrir breytingu á vegum Sambandsins, til samræmis við það. Ef fyrirbyggjandi breyting á vegum Sambandsins hefur verið birt í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* vegna andmæla skal birta uppfærðu útgáfuna af eina skjalinu í L-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* sem viðauka við framkvæmdarreglugerðina þar sem breytingin á vegum Sambandsins er samþykkt.

2. Ef ekki er tekið tillit til nýjustu breytinga á vegum Sambandsins, sem hafa verið samþykktar, í breyttri útgáfu eina skjalsins sem er hluti af umsókninni um almenna breytingu sem er samþykkt á landsvísu skal sú almenna breyting ekki birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Aðildarríkið sem samþykkti þá almennu breytingu skal senda framkvæmdastjórninni samsteyptu útgáfuna af eina skjalinu, eins og því var breytt bæði með breytingunni á vegum Sambandsins og almennu breytingunni, til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

10. gr.

(Framselt vald í samræmi við til 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Tímabundnar breytingar á forskriftum fyrir afurðir

1. Aðildarríkið þar sem landsvæði viðkomandi afurðar er staðsett skal samþykkja og birta opinberlega tímabundnar breytingar á forskriftum fyrir afurðir. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um tímabundnar breytingar ásamt ástæðum sem styðja þær eigi síðar en einum mánuði frá þeim degi þegar landsbundin ákvörðun um samþykki var birt opinberlega. Almenn breyting skal gilda í hlutaðeigandi aðildarríki frá þeim degi þegar ákvörðunin um að samþykkja breytinguna var birt opinberlega.

2. Ef landsvæðið nær yfir fleiri en eitt aðildarríki gildir málsmeðferðin fyrir tímabundnar breytingar sitt í hvoru lagi í hlutaðeigandi aðildarríkjum fyrir þann hluta svæðisins sem er innan yferráðasvæðis þeirra.

3. Umsækjendahópur sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta skal tilkynna framkvæmdastjórninni um tímabundnar breytingar sem varða brennda drykki sem eru upprunnir í þriðju löndum ásamt ástæðum sem styðja þær, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda þess þriðja lands, eigi síðar en einum mánuði eftir að þær eru samþykktar.

4. Orðsending til framkvæmdastjórnarinnar um samþykktu tímabundna breytingu skal teljast vera gerð á viðeigandi hátt þegar hún uppfyllir ákvæði 9. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1236.

5. Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega orðsendinguna um tímabundna breytingu gegnum stafrænu kerfin sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1236 innan þriggja mánaða frá þeim degi sem hún veitti viðtöku tilkynningu um þá tímabundnu breytingu. Tímabundin breyting skal gilda á yfirráðasvæði Sambandsins frá þeim degi þegar framkvæmdastjórnin birti hana opinberlega.

Sendandi orðsendingar um tímabundna breytingu skal áfram bera ábyrgð á innihaldi hennar.

3. ÞÁTTUR

AFTURKÖLLUN Á LANDFRÆÐILEGRI MERKINGU

11. gr.

(Framselt vald í samræmi við b-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Afturköllunarferli

1. Að því er varðar fyrstu undirgrein 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er aðildarríkjum heimilt, að eigin frumkvæði, að leggja fram beiðni um að afturkalla landfræðilega merkingu.
2. Framkvæmdastjórnin skal birta beiðnir um afturköllun, sem lagðar eru fram samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*.

12. gr.

(Framselt vald í samræmi við b-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Lögmati afturköllunarbeiðna

1. Að því er varðar 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 skal beiðni um afturköllun teljast tæk ef:
 - a) hún uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1236 og
 - b) þegar um er að ræða beiðni skv. 1. mgr. 32. gr. 2019/787 byggist hún á forsendunum sem um getur í fyrstu undirgrein þess ákvæðis.
2. Telji framkvæmdastjórnin að beiðni um afturköllun sé ótæk skal hún tilkynna yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis eða þriðja lands eða einstaklingnum eða lögaðilanum sem lagði umsóknina fram, eftir atvikum, um ástæðurnar því að hún er ótæk.
3. Rökstuddar yfirlýsingar um andmæli að því er varðar afturköllun skulu einungis teljast tækar ef þær sýna fram á að hagsmunaaðilinn hafi notað skráða heitið í viðskiptalegum tilgangi.

4. ÞÁTTUR

SKRÁ

13. gr.

(Framselt vald í samræmi við 1. og 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787) Skrá

1. Koma skal á fót rafrænni skrá yfir landfræðilegar merkingar á brenndum drykkjum sem um getur í 33. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 (hér á eftir nefnd skráin). Hún skal byggjast á stafrænum kerfum sem er stjórnað af framkvæmdastjórninni og eru aðgengileg fyrir almenning.

2. Við gildistöku lagagernings um að veita heiti landfræðilegrar merkingar vernd skal framkvæmdastjórnin skrá eftirfarandi gögn í skrána:

- a) heiti sem skal/skulu njóta verndar sem landfræðileg merking, þ.m.t., eftir atvikum, umritun þeirra á annað tungumál eða annað stafróf með latneskum rittáknum. Mörg heiti og umritun þeirra á annað tungumál eða annað stafróf skulu skráð sem staðgönguheiti, aðskilin með stafabili, skástriki og öðru stafabili,
- b) flokk brennda drykkjarins,
- c) skrásetningarnúmerið,
- d) tegund landfræðilegrar merkingar,
- e) heiti upprunalsins eða -landanna,
- f) umsóknardaginn og tilvísunina í lagagerninginn sem verndar heitið:
 - i. fyrir landfræðilegar merkingar sem eru skráðar í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/787 eða reglugerð (EB) nr. 110/2008, að undanskildum gildandi landfræðilegum merkingum sem um getur í 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008: umsóknardaginn og rafræna tilvísun í gerningana sem vernda heitið á vettvangi Sambandsins,
 - ii. fyrir gildandi landfræðilegar merkingar sem um getur í 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008: birtingardag gerningsins sem veitti landfræðilegu merkingunni fyrst vernd á vettvangi Sambandsins og rafræna tilvísun í þann gerning,
- g) rafræna tilvísun eða tilvísanir í lagagerning eða -gerninga, sem varða landfræðilegu merkinguna, sem koma á eftir lagagerningunum sem um getur í f-lið,
- h) tilvísanir í eina skjalið, megin skilgreiningarnar í tækniskjalinu, forskriftina fyrir afurðina eða tækniskjalið, þar sem þær liggja fyrir, sem hér segir:
 - i. fyrir landfræðilegar merkingar sem eru skráðar í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/787: rafræna tilvísun í eina skjalið, þ.m.t. rafræna tilvísun í forskriftina fyrir afurðina. Ef landsvæðið liggur innan yfirráðasvæðis þriðja lands, rafræn tilvísun í eina skjalið, þ.m.t. tilvísun í birta útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina,
 - ii. fyrir landfræðilegar merkingar sem eru skráðar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008: rafræna tilvísun í megin skilgreiningarnar í tækniskjalinu,
 - iii. fyrir gildandi landfræðilegar merkingar sem um getur í 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008: tækniskjalið.

3. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir breytingu á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð eða fær orðsendingu um samþykta almenna breytingu á forskrift fyrir afurð, sem felur í sér breytingu á þeim upplýsingum sem eru skráðar í skrána, skal hún skrá nýju gögnin frá og með gildistöku dagsetningu breytingarinnar í Sambandinu. Gögn sem varða tímabundnar breytingar skulu einnig skráð.

4. Ef skráning landfræðilegrar merkingar hefur verið afturkölluð skal framkvæmdastjórnin fella heitið brott úr skránni frá og með þeim degi þegar viðeigandi framkvæmdargerð skv. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 tekur gildi og skal halda skrá yfir afturköllunina.

5. Landfræðilegar merkingar sem eru verndaðar með framkvæmdarreglugerðum sem eru samþykktar á tímabilinu frá 8. júní 2019 og fram að þeim degi þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda skulu færðar í skrána.

6. Framkvæmdastjórnin skal geyma skjöl sem tengjast skráningu landfræðilegrar merkingar á stafrænu formi eða á pappírformi á gildistíma landfræðilegu merkingarinnar og ef hún er afturkölluð í tíu ár eftir það.

III. KAFLI

Lokaákvæði*14. gr.***Niðurfelling**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 716/2013 er felld úr gildi.

*15. gr.***Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
